

Fuglalíf í Njarðvík og Hafnarhólma á Borgarfirði Eystra

Áfangaskýrsla til Umhverfis- og auðlindaráðuneytis

Ólafur K. Nielsen

Fuglavernd

Reykjavík 18. desember 2018



Innra Hvanngil, Njarðvík, 19.5.2018. Ljósmynd ÓKN

Efnisyfirlit

ÁGRIP	3
INNGANGUR	4
AÐFERÐIR	4
Almenn úttekt á fuglalífi.....	4
Mófuglatalning	5
NIÐURSTÖÐUR	5
Fuglafána Njarðvíkur	5
Fuglafána Hafnarhólma	9
UMRÆÐA.....	10
Einkenni fuglafánunnar	10
Njarðvík	10
Hafnarhólmi.....	10
Framhald rannsókna árið 2019.....	11
VIÐAUKI	12
Spendýr.....	12
Fiskar	12

ÁGRIP

Fuglalíf var rannsakað í Njarðvík og Hafnarhólma á Borgarfirði Eystra sumarið 2018. Tveir leiðangrar á vegum Fuglaverndar sóttu svæðið heim, fyrst í síðari hluta maí og síðan í byrjun ágúst. Skráðar voru 35 tegundir fugla í Njarðvíkurlandi og þar af voru 26 tegundir sem verpa á landareigninni. Fuglalíf í landi Njarðvíkur er frekar fábreytt en landið er víðfeðmt eða um 47 ferkílómetrar. Mófuglavarp er mjög strjált, samanlagður þéttleiki aðeins 40,7 pör á ferkílómetra. Einkennisfuglar eru hrossagaukur, skógarpröstur og þúfuttlingur. Meira fuglalíf er við sjóinn og einkennisfugl þar er fýll, sem er algengur og útbreiddur varpfugl norðan megin Njarðvíkur og eins í Njarðvíkurskriðum sunnan megin víkurinnar. Af öðrum sjófuglum er helst að nefna æðarfugl. Æðarfuglar verpa lítið sem ekkert á svæðinu en sækja síðsumars á Njarðvík til að fella flugfjaðrir og 1500 æðarfuglar felldu á vikinni 2018. Lítil umferð farfugla er um Njarðvík vor og síðsumar. Miklu ríkulegra fuglalíf er í Hafnarhólma en í Njarðvíkurlandi en hólminn er reyndar mjög lítill og ekki nema 0,027 ferkílómetrar eða 2,7 hektarar. Einkennisfuglar hólmans eru sjófuglar og þá helst æðarfugl og lundi, einnig eru fýll og rita algengir varpfuglar í klettum, og fáeinar teistur verpa þar líka. Tólf tegundir á Válista Náttúrufræðistofnunar Íslands yfir fugla verpa í landi Njarðvíkur og 6 í Hafnarhólma. Njarðvík nær því ekki að flokkast sem alþjóðlega mikilvægt fuglasvæði en Hafnarhólminn nær því líklega en í hólmanum verpa hátt í 10.000 pör sjófugla. Ætlunin er að halda áfram rannsóknum á fuglalífi Njarðvíkur og Hafnarhólma sumarið 2019, m.a. með því að gaumgæfa fyrirbyggjandi gögn um fuglafánuna (mest dagbækur Magnúsar Þorsteinssonar) og með vettvangsrannsóknum.

INNGANGUR

Magnús Þorsteinsson bóndi í Höfn á Borgarfirði Eystra fæddist 1. ágúst 1936 og lést 7. september 2017. Magnús arfleiddi Fuglavernd að hlut sínum í Hafnarhólma og Njarðvíkurlandi. Þetta er ein mesta rausnargjöf sem félagið hefur fengið. Njarðvík er landmikil jörð og Hafnarhólmi er þekktur fyrir auðugt fuglalíf. Mikil ábyrgð fylgir þessu nýja hlutverki Fuglaverndar sem umsjónaraðila lands og mikilvægt að vel takist til. Ætlun Fuglaverndar er að náttúruvernd, vöktun lífríkis og vettvangsfræðsla til almennings um gangverk náttúrunnar verði ráðandi þættir í nýtingu þessa svæðis til lengri tíma litið. Fyrsta skrefið í þeirri viðleitni er að kortleggja þau náttúrugæði sem svæðið býður uppá og fyrsti áfangi í þeirri vinnu er fuglafáan. Fuglavernd stóð fyrir leiðöngurum í maí og ágúst austur á Borgarfjörð til að gera úttekt á fuglalífi Njarðvíkurlands og Hafnarhólma, og reyna að svara þeim spurningum hvaða tegundir verpa á svæðunum og í hve miklu magni. Fuglavernd fékk styrk frá Umhverfis- og auðlindaráðuneyti í þetta verkefni. Tilgangurinn með þessari skýrslu er að gera grein fyrir helstu niðurstöðum rannsókna 2018.

AÐFERÐIR

Farið var í tvær vettvangsferðir 2018. Fyrri ferðin var frá 18. til 22. maí og síðan 4. til 8. ágúst. Þátttakendur í fyrri ferðinni voru Ólafur K. Nielsen, Ólafur Einarsson og Iris Nadeau og í seinni ferðinni Ólafur K. Nielsen og Björg Þorleifsdóttir. Auk þess að huga að fuglum þá ræddu leiðangursmenn við heimafólk og skráðu niður upplýsingar um fugla- og dýralíf hjá staðkunnugum.

Almenn úttekt á fuglalífi

Veður til fuglaathugana í maí-leiðangrinum var mjög óhagstætt, mjög hvasst suma daga og rigning með köflum. Komið var á Borgarfjörð um kl. 19:00 þann 18. maí og þá farið í Hafnarhólmann. Þar sem hólminn er friðað æðarvarp og veður voru válinð þessa maídaga, þá héldu athugendur sig á göngustígum opnum almenningi en ekki var farið um hólmann utan stíganna. Þann 19. maí var fundað með Jóni Þórðarsyni, sveitarstjóra, Andrési Hjaltasyni, bónda á Njarðvík 1, og Helgu Erlu Erlendsdóttur, umsjónarkonu Hafnarhólma. Foráttuveður var síðdegis. Snemma morguns þann 20. maí var farið til mófuglatalninga í Njarðvík en mjög hvasst var, 15-20 m/sek í hviðum, og því hætt við talningar en gengið fram á Urðardal og farið um Njarðvík og hugað að fuglum. Fundað með Jakobi Sigurðssyni bónda í Hlíðartúni. Mjög hvasst fram á nótt. Snemma morguns þann 21. maí var haldið til mófuglatalninga í Njarðvík og dvalið við það allan daginn. Töldum fugla á 27 sniðum. Þann 22. maí var pakkað saman en fundað með Karli Sveinssyni, Bakkagerði, áður en haldið var frá Borgarfirði um kl. 12:00.

Veður til fuglaathugana í ágúst-leiðangrinum var líka mjög óhagstætt, rok og mikil úrkoma. Komið var á Borgarfjörð að kveldi 4. ágúst. Þann 5. ágúst var gengið frá Njarðvíkurbæjum og út með víkinni að norðan og alla leið að Skjaldarfjalli skammt sunnan við Brimnes, rigning síðdegis. Þann 6. ágúst var farið að Unaósi og gengið út að Krosshöfða, rigning allan daginn. Þann 7. ágúst hellirigndi meira og minna allan daginn en farið var í Hafnarhólma um kvöldið og þá hafði stytt upp. Fundað með Helgu Erlendsdóttur. Árdegis þann 8. var farið frá Borgarfirði og enn rigndi!

Njarðvíkurland er um 27 ferkílómetrar. Mófuglatalningarnar spönnuðu láglendið í Njarðvík en fjöllin beggja vegna víkurinnar eru ókönnuð svo og mestur hluti strandlengjunnar norðan víkurinnar. Hafnarhólmi er um 2,7 hektarar. Þar sem félagið var ekki orðið formlegur eigandi hólmans í maí sl. þótti ekki við hæfi að trufla frið fuglanna í varpinu og látið nægja að skoða fuglalífið frá útsýnispöllum.

Mófuglatalning

Mófuglar voru taldir á 27 sniðum þann 21. maí. Sniðin voru samtals 13,24 km að lengd (meðallengd 0,49 km, spönn 0,20-0,94). Þau voru öll þvert á hæðarlínur og náðu frá Fjarðará og upp í hlíðar sitt hvoru megin dalsins. Sniðin náðu hæst upp í um það bil 150 m hæð yfir sjó. Handahófskerfi var notað til að staðsetja sniðin. Til að finna upphafs- og lokapunkt og til halda sig á sniðlínunni voru notuð gps-staðsetningartæki. Í talningu voru allir mófuglar, sem sáust eða heyrðist í, skráðir sem og atferli þeirra. Fuglum var raðað á 5 fjarlægðarbil hornrétt út frá sniðlínu og ytri mörkin fyrir hvert bil voru 40 m, 80 m, 120 m, 160 m, 200 m og 240 m. Talningamenn voru með fjarlægðarmæla og það auðveldaði mönnum að raða athugunum á fjarlægðarbil.

Unnið var úr niðurstöðum talninga í forritinu Distance (sjá: <http://www.ruwpa.st-and.ac.uk/distance/>). Við úrvinnslu voru eingöngu teknar með athuganir þar sem viðkomandi fugl sýndi glögg merki um að hann væri á óðali. Þetta var atferli líkt og söngur og varnaðarhljóð. Útreikningar á þéttleika voru miðaðir við eitt og sama sýnileikafallið fyrir allar tegundir. Fimm líkön voru notuð til að meta sýnileikafallið og til að velja á milli þeirra var notað svokallað AIC viðmið. Við útreikninga var athugunum utan 200 m frá sniðlínu sleppt. Um aðferðina við sniðtalningar og úrvinnslu gagna er annars vísað í Buckland 2001¹ til nánari upplýsingar.

NIÐURSTÖÐUR

Hér verður fjallað fuglalíf í Njarðvík annars vegar og svo hins vegar í Hafnarhólma.

Fuglafána Njarðvíkur

Hér verða teknir fyrir þeir fuglar sem sáust í athugunum 2018 sem og upplýsingar um fugla frá heimildarmönnum sem eru Andrés Hjaltason (AH), Njarðvík 1, og Jakob Sigurðsson (JS), Hlíðartúni. Fyrst er tegundin nefnd, síðan staða hennar á svæðinu og svo athuganir frá 2018 og/eða upplýsingar frá heimildarmönnum. Eftirfarandi hugtök eru notuð um stöðu einstakra tegunda: varpfugl, umferðafugl, gestur og flækingur. „Varpfugl“ telst sú tegund sem örugglega hefur orpið í Njarðvíkurlandi, „umferðafugl“ er tegund sem kemur við á svæðinu vor og haust á leið til og frá varpheimkynnum sínum, „gestur“ er tegund sem dvelur langdvölum en varp ekki þekkt, „flækingur“ er sú tegund sem endrum og eins slæðist á svæðið.

Fýll (*Fulmarus glacialis*) er algengur varpfugl á svæðinu og sést þar líklega á öllum árstímum nema ekki yfir háveturinn. Fýlar verpa í Njarðvíkurskriðum og í bökkum og klettum frá Háaska norðan megin í Njarðvík og alla leið að Krosshöfða nærri Unaósi. Fýlsvarp á þessu svæði er mest í Gripdeild (AH). Fýlsvarpið frá Unaósi að Skálanesi telur um 6900 varppör.² Fýlsvarpið í Njarðvíkurskriðum var skannað frá vegi 19.5.2018. Þetta er ekki mikið varp og í mesta lagi tugir para sem sáust í fjallinu bæði ofan og neðan vegar. Frá Njarðvíkurskriðum og horft norður yfir víkina sáust fýlar í varpi þann 19.5.2018 í Háaska og áfram austur og norður með í átt að Brimnesi, frekar strjált varp að sjá. Frá Skálanesi og að Brimnesi sást strjáltingur af fýl í öllum klettum.

Flórgoði (*Podiceps auritus*) er líklega flækingur í Njarðvík. Einn flórgoði var með hávellum við ósa Njarðvíkurar þann 19.5.2018.

¹ Buckland, S. T. o.fl. (2001). Introduction to distance sampling: estimating abundance of biological populations, Oxford University Press, USA

² Arnþór Garðarsson o.fl., í prentun. Fýlsvarp kannað á Íslandi. Bliki 33.

Dílaskarfur (*Phalacrocorax carbo*) er gestur á svæðinu og dvelur þar á sjónum líklega árið um kring. Tveir ungir dílaskarfar sátu í skeri undir Njarðvíkurskriðum 19.5.2018.

Álft (*Cygnus cygnus*) hefur orpið í mýrinni við Göngudalsá (AH). Tvær álftir voru á sjónum innarlega á vikinni 5.8.2018, líklega fellifuglar.

Heiðagæs (*Anser brachyrhynchus*) er líklega umferðafugl í Njarðvík. Heiðagæsapar sást á flugi upp dalinn þann 21.5.2018.

1. tafla. Þéttleiki og stofnstærð mófugla í Njarðvík í maí 2018. Rannsóknasvæðið var Njarðvík öll frá dalbotni og upp að 150 m hæð yfir sjó, samtals 7,5 km². Talningareiningin er þar.

Tegund	Þéttleiki (varppör á km ²)	95% öryggismörk	Stofnstærð (varppör)	95% öryggismörk
Rjúpa	0,6	0,2-2,1	4	1-16
Heiðlóa	2,3	1,0-5,3	17	7-40
Hrossagaukur	19,0	14,3-25,3	143	107-190
Jaðrakan	0,6	0,2-2,2	4	1-16
Spói	0,3	0,05-1,6	2	0-12
Þúfutittlingur	4,6	2,4-8,8	35	18-66
Skógarþröstur	12,4	8,8-17,4	93	66-131
Samtals	40,7	32,6-50,8	305	244-381

Stökkönd (*Anas platyrhynchos*) er líklega árviss varpfugl í Njarðvík og dvelur þar árið um kring. Þann 21.5.2018 sást stökkandapar við Mógil og annað niður við bæina.

Urtönd (*Anas crecca*) er líklega varpfugl í Njarðvík og sást kolla þann 5.8.2018 á flugi við bæina.

Æður (*Somateria mollissima*) er líklega strjáll varpfugl í Njarðvík en algengur gestur og dvelur þar á sjónum árið um kring. Æðarfuglar sækja langt upp með Njarðvíkurá (JS). Æður verpur stöku sinnum á Skálanesi (AH). Þann 19.5.2018 sást æðarbliki á Njarðvíkurá og þar sást fljúga upp með ánni, þetta eru væntanlega varpfuglar á dalnum ofan við bæina. Þann 5.8.2018 sáust um 20 kollur með unga á Njarðvík, 400 fellifuglar (mest blikar) voru innarlega á vikinni og út við Skálanes voru um 1000 fellifuglar (mest blikar) og um 100 fellifuglar og 1 kolla með unga voru á sjónum á milli Skjaldarfjalls og Brimness.

Hávella (*Clangula hyemalis*) árviss gestur á Njarðvík og dvelur þar líka árið um kring. Þann 19.5.2018 sáust 25 hávellur á sjónum við ós Njarðvíkurárinnar. Fáeinir hávellur sáust á s.st. 5.8.2018.

Straumönd (*Histrionicus histrionicus*) er árviss gestur á svæðinu og að öllum líkindum varpfugl við Njarðvíkurá. Fimm steggir voru sjónum undir Njarðvíkurskriðum 19.5.2018 og sama dag tvö pör og steggur neðst á Njarðvíkurá.

Toppönd (*Mergus serrator*) er árviss gestur á svæðinu og sést líklega á öllum árstímum. Þann 5.8.2018 voru 10 fellifuglar innarlega á vikinni

Rjúpa (*Lagopus muta*) er árviss en strjáll varpfugl í Njarðvík og dvelur þar árið um kring og oft koma hópar á haustin og til dæmis er gott um fugl í Urðardal og Dyrfjalladal (AH). Þéttleiki óðalskarra á talningasvæðinu í Njarðvík var 0,6 karrar á ferkílómetra og áætluð stofnstærð á dalnum uppaf vikinni var 4 pör (1. tafla). Þetta er örugglega vanmat því í gönguferð á Urðardal þann 20.5.2018 sáust allavega þrjú óðalskarrar þar sem urðarbingirnir eru ofarlega á dalnum. Urðardalur var reyndar utan við mófuglatalningasvæðið. Einnig sást karri í skógræktargirðingu á milli Hvanngilja 19.5.2018.



1. mynd. Spói er sjaldgæfur varpfugl í Njarðvík. Njarðvík, 21.5.2018. Ljósmynd. ÓKN.

Tjaldur (*Haematopus ostralegus*) er árviss varpfugl á svæðinu og dvelur þar frá vori og fram á haust. Þann 19.5.2018 sást tjaldur með óðalsatferli við ósa Njarðvíkurár. Hefur orpið í túnum (JS) og 1 hreiðurlegur tjaldur sást við tún hjá Njarðvíkuránni 21.5.2018. Þann 5.8.2018 sáust 10 tjaldar í sandfjörrunni fyrir botni vökurinnar.

Heiðlóa (*Pluvialis apricaria*) er árviss og útbreiddur varpfugl í Njarðvíkurlandi og dvelur þar frá vori og fram á haust. Þéttleiki varpfugla á talningasvæðinu í Njarðvík var 2,3 pör á ferkílómetra og áætluð stofnstærð á dalnum uppaf vökinni var 17 pör (1. tafla).

Sandóa (*Charadrius hiaticula*) er árviss varpfugl í Njarðvík og líklega einnig umferðafugl og sést frá vori fram á haust. Þann 19.5.2018 var 1 sandlóa með óðalsatferli við ósa Njarðvíkurár. Þann 5.8.2018 voru 5 sandlóur í fjörrunni fyrir botni vökurinnar og m.a. hálfþeygur ungi.

Hrossagaukur (*Gallinago gallinago*) er árviss og algengur varpfugl í Njarðvíkurlandi og dvelur þar frá vori og fram á haust. Hrossagaukur var algengast mófuglinn á talningasvæðinu í Njarðvík og metinn þéttleiki var 19 pör á ferkílómetra og stofnstærð á dalnum 143 pör (1. tafla).

Jaðrakan (*Limosa limosa*) er nýlegur landnemi í Njarðvík (JS) og nú árviss varpfugl, dvelur frá vori og fram á haust. Þéttleiki varpfugla á talningasvæðinu í Njarðvík var 0,6 pör á ferkílómetra og stofnstærð á dalnum 4 pör (1. tafla).

Spói (*Numenius phaeopus*) árviss en strjáll varpfugl, sést frá vori og fram á haust (1. mynd). Þéttleiki varpfugla á talningasvæðinu í Njarðvík var 0,3 pör á ferkílómetra og áætluð stofnstærð á dalnum var 2 pör. Spóar hafa orpið í túnum við bæina (JS) og þar sáust 3-5 pör þann 21.5.2018.

Stelkur (*Tringa totanus*) er árviss en strjáll varpfugl og sést frá vori og fram á haust. Þéttleiki á talningasvæðinu í Njarðvík var 0,9 pör á ferkílómetra og stofnstærð á dalnum var 6 pör.

Rauðbrystingur (*Calidris canutus*) er umferðafugl og líklega árviss fjörufugl í Njarðvík um vor og síðsumar. Um 100 rauðbrystingar sátu í skeri undir Njarðvíkurskriðum 19.5.2018.

Sanderla (*Calidris alba*) er umferðafugl og líklega árviss fjörufugl í Njarðvík um vor og síðsumar. Þann 5.8.2018 voru 20 sanderlur í fjörunni fyrir botni vikurinnar.

Tildra (*Arenaria interpres*) er umferðafugl og líklega árviss fjörufugl í Njarðvík um vor og síðsumar. Tvær tildir sástu í skeri undir Njarðvíkurskriðum þann 19.5.2018.

Svartbakur (*Larus marinus*) er árviss varpfugl og dvelur líklega allt árið í Njarðvík. Hann varp innan um silfur máfa í Gripdeild en það varp er nú horfið (AH). Svartbakur, varplegur, var innan um silfur máfa við Skálanes 5.8.2018.

Silfur máfur (*Larus argentatus*) er árviss varpfugl og dvelur líklega allt árið í Njarðvík. Mikið silfur máfsvarp var áður í Gripdeild en nú að mestu horfið (AH). Einn lá á hreiðri neðan vegar innan við Njarðvíkurskriðum þann 19.5.2018. Dreift silfur máfsvarp er með bökkunum norðan vikur og þar sástu 5 fullorðnir fuglar 5.8. sem létu varplega. Utar, við Skálanes, voru um 30 silfur máfar og m.a. nýfleygir ungar. Fáeinir silfur máfar sástu í bjargi á milli Skjaldarfjalls og Brimness 5.8.2018.

Rita (*Rissa tridactyla*) er árviss varpfugl í Stapa undir Skjaldarfjalli norðan við Skálanes og einnig í Mávatorfum vestan við Gripdeild (AH).

Kjóí (*Stercorarius parasiticus*) er árviss varpfugl og dvelur í Njarðvík frá vori og fram á haust. Þann 20.5.2018 sást ljós kjóí í mýrinni neðst á Urðardal.

Kría (*Sterna paradisaea*) er árviss varpfugl í Njarðvík og dvelur þar yfir vor og sumar. Þann 19.5.2018 sást um 50 kríur á eyri rétt ofan við brúna yfir Njarðvíkurá hjá bæjunum, hluti fuglanna hélt til inná afgirtu svæði þar sem geymdar voru heyrúllur. Kríuvarp er á afgirta svæðinu þar sem heyrúllurnar eru geymdar og eins inn í fjárrétt skammt frá (JS).

Lundi (*Fratercula arctica*) er líklega varpfugl í urðum rétt sunnan við Brimnes en þar sástu 10-20 fuglar á flugi þann 5.8.2018. Komu einn og einn fljúgandi utan af sjó og flugu að landi. Þetta var nokkru norðar en ég komst. Ég sá fuglana hverfa fyrir kletthorn en sá þá ekki lenda. Færið var það langt að ekki var hægt að greina hvort fuglarnir væru að bera síli eða ekki. Geri ráð fyrir að þeir hafi lent þar sem þeir birtust ekki aftur eða þá aðeins eftir drygklanga stund. Enga fugla var að sjá á sjónum undir.

Teista (*Cephus grylle*) er árviss varpfugl í Njarðvík og dvelur þar á sjónum líklega árið um kring. Teistuvarp er í Njarðvíkurskriðum neðan vegar og þann 19.5.2018 sáum við tvo fugla á sjónum og þann þriðja fljúga inn í klettaglufu. Teista verpur dreift með sjónum en mest á Afrétt (AH).

Hrafn (*Corvus corax*) er árviss varpfugl í Njarðvík og dvelur þar allt árið. Hrafnar hafa orpið í Innra Hvanggili (JS). Einn sást í ætisleit við Mógil 21.5.2018. Hrafnar hafa einnig orpið í Stekkjargili ofan við Njarðvík 1 og í klettum ofan við Skálanes. Hrafnapar með fleyga unga var í klettunum ofan við Skálanes þann 5.8.2018.

Þúfutittlingur (*Anthus pratensis*) er árviss og algengur varpfugl í Njarðvík og dvelur þar frá vori og fram á haust. Varþéttleiki þúfutittlinga á talningasvæðinu í Njarðvík var 4,6 pör á ferkílómetra og stofnstærð á talningasvæðinu á dalnum var 35 pör (1. tafla).

Maríuerla (*Motacilla alba*) er árviss varpfugl í Njarðvík og dvelur þar frá vori fram á haust. Þrjár maríuerlur sáust í klettum neðan vegar í Njarðvíkurskriðum þann 19.5.2018 og voru með óðalsatferli og slógust. Maríuerlur verpa við bæina (AH).

Steindepill (*Oenanthe oenanthe*) er árviss en strjáll varpfugl í Njarðvík og dvelur þar frá vori og fram á haust. Einir 5 steindeplar sáust á Urðardal 20.5.2018, þessir fuglar voru með óðalsatferli. Í sniðtalningum daginn eftir, 21.5.2018, sáust þrjár steindeplar en enginn þeirra var með óðalsatferli og því ekki tekinn með í útreikningum á varppéttleika mófugla.

Skógarþröstur (*Turdus iliacus*) er árviss varpfugl í Njarðvík og dvelur frá vori og fram á haust, hann verpur oft við bæina (AH). Skógarþröstur var næstalgengasti mófuglinn í Njarðvík og þéttleiki varpfugla var 12,4 pör á ferkílómetra og áætluð stofnstærð á dalnum uppaf víkinni var 93 pör (1. tafla).

Snjótittlingur (*Plectrophenax nivalis*) er árviss en strjáll varpfugl í Njarðvík og dvelur þar allt árið. Þann 20.5.2018 sáust tveir karlfuglar á Urðardal og annar söng, engir snjótittlingar sáust í mófuglatalningu þann 21.5.

Fuglafána Hafnarhólma

Hér verða teknir fyrir þeir fuglar sem sáust í athugunum 2018 sem og upplýsingar frá Helgu Erlu Erlendsdóttur (HEE). Umfjöllunin er á sama hátt og fyrir fuglafánu Njarðvíkur: fyrst er tegundin nefnd, síðan staða hennar á svæðinu, upplýsingar frá heimamönnum og svo athuganir frá 2018. Eftirfarandi hugtök eru notuð um stöðu einstakra tegunda: varpfugl og flækingur. „Varpfugl“ telst sú tegund sem örugglega hefur orpið í Hafnarhólma, og „flækingur“ er sú tegund sem endrum og eins slæðist á svæðið.

Fýll (*Fulmarus glacialis*) er varpfugl í Hafnarhólma, pörin skipta örugglega tugum.

Grágæs (*Anser anser*) er árviss varpfugl, dvelur vor og sumar. Fjögur varppör 2018 (HEE). Þrjú pör sáust 18.5.2018.

Rauðhöfðaönd (*Anas penelope*) hefur orpið í Hólmanum (HEE).

Æður (*Somateria mollissima*) verpur í Hafnarhólma. Umhirða æðarvarpsins hefst áður en fuglinn sest upp og felst m.a. í því að hreiðurskálar eru grafnar fyrir fuglana og gras lagt í. Fuglinn sest aðallega upp frá 15.-20. maí. Dúnn er hirtur á meðan kollan liggur á, ekki úr hreiðrum eftir klak. Dúnninn er þurrkaður úti og veginn þurr. Dúntekjan 2018 var 101 kg af óhreinsuðum dún. Dúnninn hefur verið sendur til Rúnars Ragnarssonar í Borgarnesi til hreinsunar (R-dúnhreinsun). Miðað við að nýtingarhlutfallið 30% fyrir óhreinsaðan dún og að 60 hreiður þurfi til að ná 1 kg af hreinsuðum dúni þá er áætlaður fjöldi hreiðra æðarfugls í Hafnarhólma 2018 samtals um 1800 hreiður.

Hrossagaukur (*Gallinago gallinago*) er árviss varpfugl, dvelur vor og sumar. Eitt hreiður var 2017 (HEE). Þann 18.5.2018 heyrðist hrossagaukur hneggja yfir Hafnarhólma.

Rita (*Rissa tridactyla*) er árviss varpfugl í Hafnarhólma. Varpstofninn er ekki þekktur en telur örugglega tugi para.

Kría (*Sterna paradisaea*) varp áður í Norður-Hólmanum en það varp er nú aflagt (HEE).

Lundi (*Fratercula arctica*) er algengur varpfugl, kemur á vorin og fer síðsumars. Lundinn var háfaður áður fyrr en nýtur nú fullkominnar friðunar (HEE). Reynt var að meta flatarmál lundavarpsins með mælingum á loftmynd í Google Earth. Samkvæmt þeim mælingum er varpið um 7400 m² að

flatarmáli. Samkvæmt Erpi S. Hansen er þéttleiki varphola í Hafnarhólma um 1,12 á m². Miðað við þessar forsendur þá er varpstofninn um 8300 pör.

Teista (*Cephus grylle*) er líklega varpfugl. Þann 19.5.2018 sáust 5 teistur norðan megin á milli Krosshólma og Suður Hólma.

Múrsvölungur (*Apus apus*) er flækingur, fugl sást 7.8.2018 á flugi við Hafnarhólma.

Skógarpröstur (*Turdus iliacus*) er varpfugl, kemur á vorin og dvelur fram á haust. Hreiður var í kofanum 2018 (HEE).

Maríuerla (*Motacilla alba*) er varpfugl, kemur á vorin og dvelur fram á haust. Gerir sér hreiður í klettaglufum (HEE).

Músarrindill (*Troglodytes troglodytes*) hefur orpið við stigann upp í Hólmann (HEE).

UMRÆÐA

Einkenni fuglafánunnar

Njarðvík

Í Njarðvík voru skráðar 35 tegundir fugla, 26 (74%) þessara tegund eru varpfuglar eða líklegir varpfuglar, 4 (11%) tegundir teljast vera gestir, fjórir (11%) umferðafuglar, og ein (3%) tegund telst vera flækingur á svæðinu. Það sem einkennir fánuna við sjóinn er tiltölulega stórt fýlsvarp sem er meira og minna samhangandi frá Stapavík við Unaós og inn undir botn Njarðvíkur norðan megin. Síðan er líka strjált fýlsvarp sunnan Njarðvíkur í Njarðvíkurskriðum. Stærðin á fýlvarpinu er ekki þekkt en skiptir örugglega hundruðum para og mögulega þúsundum. Af öðrum sjófuglum er æðarfuglinn tíðastur. Mjög lítið æðarvarp er við víkina sjálfa en um og yfir 1500 æðarfuglar fella flugfjaðrir á vikinni síðsumars, flestir þeirra halda til út við Skálanes. Mófuglafánan í Njarðvíkurlandi er frekar rýr og á þeim svæðum sem væntanlega eru best, dalurinn upp af víkurbotninum, mældist samanlagður þéttleiki allra mófugla aðeins 40,7 pör á ferkílómetra og þetta er mjög lágt gildi miðað við hvað þekktist annars staðar. Njarðvík nær því ekki að teljast alþjóðlega mikilvægt fuglasvæði en það er helst fyllinn sem skorar hátt á þeim kvarða. Þannig telst svæði vera alþjóðlega mikilvægt fuglasvæði ef 10.000 pör sjófugla eða fleiri verpa þar.³ Fýlsvarpið frá Unaósi að Skálanesi telur um 6900 varppör.⁴

Af varpfuglum í Njarðvíkurlandi eru 12 tegundir á Válista Náttúrufræðistofnunar Íslands (sjá: <https://www.ni.is/midlun/utgafa/valistar/fuglar/valisti-fugla>); lundi sem er tegund í bráðri hættu, fýll, kjói, svartbakur og teista sem eru tegundir í hættu, og hrafn, kría, rita, tjaldur og æðarfugl sem eru tegundir í nokkurri hættu, og rjúpa og stelkur sem eru tegundir í yfirvofandi hættu.

Hafnarhólmi

Samtals voru skráðar 13 tegundir fugla fyrir Hafnarhólma, þar af voru 12 (92%) tegundir varpfugla og ein (8%) flækingstegund. Það sem einkennir fuglafánu Hafnarhólms er þétt sjófuglabyggð þar sem lundi og æðarfugl eru ríkjandi. Einnig eru áberandi rita og fýll í klettum og fáeinir teistur verpa í klettasprungum. Hólminn er ekki stór en iðar af lífi yfir vor og sumar og fuglinn er spakur.

³ Kristinn H. Skarphéðinsson o.fl. 2017. Mikilvæg fuglasvæði á Íslandi. Fjölrit Náttúrufræðistofnunar Nr. 55. 295 S.

⁴ Arnþór Garðarsson o.fl., í prentun. Fýlsvarp kannað á Íslandi. Bliki 33.

Hafnarhólmi nær því að teljast alþjóðlega mikilvægt fuglasvæði þar sem um 10.000 pör sjófugla verpa í hólmanum.

Af varpfuglum í Hafnarhólma eru 6 tegundir á lista Válista Náttúrufræðistofnunar Íslands (sjá: <https://www.ni.is/midlun/utgafa/valistar/fuglar/valisti-fugla>); lundi sem er tegund í bráðri hættu, fýll og teista sem eru tegundir í hættu, og kría, rita og æðarfugl sem eru tegundir í nokkurri hættu.

Framhald rannsókna árið 2019

Magnús Þorsteinsson lét eftir sig dagbækur sem spanna áratugi og þar í er ýmis fróðleikur um fugla Hafnarhólma s.s. komu- og brottfarartími lunda á vorin og síðsumars, gangur og stærð æðarvarpsins. Magnús safnaði einnig frá fyrri tíð gögnum um hólmann m.a. um stærð æðarvarpsins. Ætlunin er að gaumgæfa þessi gögn nú í vetur (2018-2019) og taka saman þá þætti sem hægt er að tengja við vistfræði fuglanna í hólmanum. Vettvangur til að kynna niðurstöður þeirra vinnu verður tímarit Fuglaverndar (Fuglar) og heimasíða félagsins.

Ekki gafst kostur á því að fara um Hafnarhólma á varptíma. Slíkt er nauðsynlegt til að meta stærð lundavarpsins. Lundinn er ríkjandi tegund í hólmanum en miklu minna er vitað um stofnstærð hans heldur en æðarfuglsins. Ætlunin er að fara til þessara verka í lok apríl á komandi vori. Hugmyndin er þá að ganga kerfisbundið um lundavarpíð, marka það á loftmynd og mæla líkt og kostur er á jörðu. Einnig að telja lundaholur á vettvangi.

Aðeins tókst að fara um láglandi Njarðvíkurlands í maí 2018 og réð þar óhagstætt veður. Eftir er að kanna fjöllin beggja megin dals og eins ströndina frá Skjaldarfjalli norður og vestur að Krosshöfða. Ætlunin er að ganga þessa leið í júlí. Ekki verður reynt að meta þéttleika mófugla heldur að fá gróft mat á samsetningu fuglafánunnar og útbreiðslu.

VIÐAUKI

Hér að neðan eru upplýsingar um spendýr og fiska sem skráðar voru niður eftir heimildarmönnum vorið 2018. AH er Andrés Hjaltason, JS er Jakob Sigurðsson og HEE er Helga Erla Erlendsdóttir.

Spendýr

Hreindýr (*Rangifer tarandus*) eru árviss í Njarðvík og arður af hreindýraveiðum eru hlunnindi sem fylgja jörðinni. Færri dýr en áður en sá þó 50 dýr í hóp nú í vetur (AH). Þann 20.5.2018 sáust 2 hópar utarlega á Njarðvíkurdalnum, annars vegar 5 dýr og hins vegar 6 dýr.

Tófa (*Vulpes lagopus*) er árviss í Njarðvíkurlandi og ganga reglulega niður að bæjunum m.a. var einn þar þann 20.5.2018 (JS). Oft greini á Grasdal, í Gripdeildarbotnum, í Gönguskörðum og á Urðardal (AH). Tófa hefur farið í Hafnarhólma einu sinni svo vitað sé á síðustu árum (HEE).

Minkur (*Neovison vison*) finnst í Njarðvík en er orðinn sjaldgæfur miðað við það sem áður var (AH). Minkur sækir öll ár í Hafnarhólma. Minkagildir, 11 stykki, eru engdar árið um kring þar af eru fjórar í Hólmanum, ein undir uppgöngunni í Hólmann, ein við Krosshöfða undir kletti sem veit að hafnarsvæðinu, tvær í Hofstrandarlandi, tvær í Bjargkeldulæk og ein í Bæjarlæk (við Höfn). Sjö minkar hafa náðst frá 2016 og þar af voru 5 fullorðin dýr og 2 hvolpar. Minkur hefur gotið í Krosshöfða í Hafnarhólma og æðarvarp hvarf þá þaðan.

Landselur (*Phoca vitulina*) liggur uppi á nokkrum stöðum norðan Njarðvíkur, m.a. við Gripdeild (AH) og svo sáust 15 liggja í skeri rétt sunnan við Brimnes 5.8.2018.

Brúnrotta (*Rattus norvegicus*) fannst áður en var útrýmt (AH).

Hagamús (*Apodemus sylvaticus*) er algeng í Njarðvík (AH).

Húsamús (*Mus musculus*) finnst við bæina í Njarðvík (AH).

Fiskar

Bleikja (*Salvelinus alpinus*) gengur í Njarðvíkurá síðsumars og kemst allt upp að fossi við Innri Hríshöfða (JS). Bleikja er nær horfinn úr ánni en bleikjuveiði er í sjónum fyrir sandinum (AH).